

## Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

### I. KAFLI

#### Skipulag heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

##### 1. gr.

Í fyrirtækjum þar sem eru 1-9 starfsmenn skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það sem um ræðir í 2. gr. gildi einnig fyrir starfshópa sem getið er í þessari grein þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga nr. 46/1980.

##### 2. gr.

Í fyrirtækjum þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri skal atvinnurekandi tilnefna af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu kjósa úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann.

##### 3. gr.

Í fyrirtækjum þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa.

Báðir fulltrúar atvinnurekanda í öryggisnefnd teljast öryggisverðir og báðir fulltrúar starfsmanna öryggistrúnaðarmenn.

Sé starfsmannafjöldi sveiflukenndur skal miðað við meðalfjölda næsta árs á undan en tillit þó tekið til aukningar eða minnkunar á umsvifum fyrirtækisins.

Kosning og tilnefning fulltrúa í öryggisnefnd skal, eftir því sem kostur er, vera með þeim hætti að fulltrúarnir hafi í sínum daglegu störfum yfirsýn yfir sem mestan hluta starfseminnar og/eða að þeir séu til staðar svo mikinn hluta starfstímans sem kostur er.

##### 4. gr.

Fari starfsemi fyrirtækisins fram í sjálfstæðum starfseiningum eða útibúum þannig að ætla megi að öryggisnefnd fyrirtækisins hafi ekki nægilega yfirsýn yfir starfsemina, geta atvinnurekandi og þeir aðilar sem undirbúa kosningu fulltrúa starfsmanna sbr. 7. gr., gert með sér samkomulag um að fyrirkomulag samkvæmt 1.-3. gr. reglna þessara skuli viðhaft í einstökum starfseiningum eða útibúum.

##### 5. gr.

Á vinnusvæði þar sem meiriháttar verklegar framkvæmdir með aðild fleiri en eins verktaka standa yfir, svo sem virkjanaframkvæmdir og bygging stóriðjuvera, skal skipuð sérstök öryggisnefnd svæðisins með aðild öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna hinna einstöku verktaka og annarra aðila eftir því sem ástæður þykja til. Aðilar sem undirbúa kosningar meðal starfsmanna, sbr. 7. gr., og hlutaðeigandi atvinnurekendur skulu gera með sér samkomulag um skipan öryggisnefndarinnar.

### II. KAFLI

#### Tilnefning fulltrúa atvinnurekanda. Kjör fulltrúa starfsmanna.

##### 6. gr.

Atvinnurekandi tilnefnir fulltrúa sína úr hópi stjórnenda fyrirtækisins. Tilnefningin skal að jafnaði vera til tveggja ára í senn, sbr. 4. mgr. 8. gr.

##### 7. gr.

Félagslegir trúnaðarmenn starfsmanna eða trúnaðarmenn viðkomandi stéttarfélaga skulu sjá um undirbúning og framkvæmd kosninga fulltrúa starfsmanna. Sá framangreindra aðila sem frumkvæði hefur skal tilkynna hinum aðilanum um fyrirætlanir sínar.

##### 8. gr.

Kosning öryggistrúnaðarmanna og fulltrúa starfsmanna í örygginefnd skal fara fram með skriflegri atkvæðagreiðslu sem stendur a.m.k. einn vinnudag þar sem öllum starfsmönnum, sem kosningarétt hafa, er gefinn kostur á þátttöku eða með skriflegri kosningu á starfsmannafundi er boðaður hefur verið með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

Kjörgengir eru allir starfsmenn fyrirtækisins nema stjórnendur en æskilegt er að viðkomandi hafi starfað a.m.k. 1 ár við fyrirtækið.

Kosningarétt hafa allir starfsmenn fyrirtækisins nema stjórnendur án tillits til ráðningarforms, ráðningartíma og starfshlutfalls.

Kosning fulltrúa starfsmanna skal að jafnaði vera til tveggja ára í senn.

9. gr.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um þá aðila sem tilnefndir eru öryggisverðir og kosnir eru öryggistrúnaðarmenn. Þeir sem undirbúa kosningu fulltrúa starfsmanna, sbr. 7. gr., skulu tilkynna viðkomandi stéttarfélögum um sömu aðila.

### III. KAFLI Starfshættir öryggisnefnda.

10. gr.

Öryggisnefnd kýs sér sjálf formann og ritara til eins árs í senn og skulu þeir til skiptis vera úr röðum fulltrúa atvinnurekanda og starfsmanna.

11. gr.

Öryggisnefnd heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á, en þó eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Nefndinni er skylt að halda fund ef tveir eða fleiri fulltrúar krefjast þess.

Nefndin tekur mál til umfjöllunar að frumkvæði nefndarmanna eða samkvæmt ósk atvinnurekanda eða einhvers starfsmanna fyrirkæpisins. Nefndin skal í störfum sínum leitast við að finna lausn á þeim málum sem til umfjöllunar eru og gera tillögur um úrbætur ef hún telur þörf á.

Náist ekki samstaða í nefndinni um afgreiðslu mála skal færa sjónarmið allra aðila til bókar og er þá hverjum nefndarmanni heimilt að vísa málinu til umfjöllunar Vinnueftirlits ríkisins.

12. gr.

Öryggisnefnd skal halda gerðarbók. Til bókar skal færa þau atriði sem tekin eru upp í nefndinni svo og allar ákvarðanir.

Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins skal heimill aðgangur að gerðarbókum öryggisnefnda enda séu þeir háðir þagnarskyldu, sbr. 83. gr. laga nr. 46/1980.

### IV. KAFLI Verkefni.

13. gr.

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður fylgjast í samvinnu með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög nr. 46/1980, reglugerðir og reglur samkvæmt þeim og að fylgt sé fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins sem gefin eru á grundvelli laganna.

Þeir skulu fara eftirlitsferðir um vinnusvæði fyrirtækisins svo oft sem þurfa þykir og sérstaklega aðgæta eftirfarandi:

- a) Að vélar og tæknibúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu.
- b) Að öryggisbúnaður og persónuhlífar séu til staðar í góðu ástandi eins og til er ætlast og séu notaðar af starfsmönnum.
- c) Að starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun með tilliti til aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis.
- d) Að tilkynningaskyldu um vinnuslys og atvinnusjúkdóma sé sinnt, sbr. 81 gr. laga nr. 46/1980.
- e) Að umsagnar Vinnueftirlits ríkisins sé leitað um umtalsverðar breytingar á fyrirtækinu, sbr. 93 gr. laga nr. 46/1980.
- f) Að eftirlitsbók sé færð eins og reglur segja til um.
- g) Að farið sé að ákvæðum laga nr. 46/1980 og gildandi samninga aðila vinnumarkaðarins sem gerðir eru á grundvelli þeirra um hvíldartíma og frídaga og vinnu barna og unglinga.

14. gr.

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir skulu auk almennra eftirlitsstarfa samkvæmt ákvæðum þessara reglna vinna að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum fyrirtækisins og skulu fylgjast með því að ráðstafanir á þessu sviði komi að tilætluðum notum.

Skal þeim í þessu skyni skýrt frá öllum vinnuslysum, atvinnusjúkdómum og óhöppum sem eiga sér stað í fyrirtækinu. Þá skal og kynna þeim mælingar og rannsóknir á hollustuháttum og öryggi og skýra þeim frá bilunum eða aðstæðum sem upp koma og þýðingu geta haft fyrir öryggi eða hollustuhætti á vinnustað. Á sama hátt skal þeim einnig gerð grein fyrir áformum um meiriháttar framkvæmdir eða aðrar þær breytingar á rekstri fyrirtækisins sem áhrif geta haft á starfsumhverfi og starfsaðstæður á vinnustað. Loks skal kynna þeim ábendingar og fyrirmæli er berast frá Vinnueftirliti ríkisins.

Skal áðurnefndum aðilum sérstaklega gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um öll þau atriði sem nefnd eru í 13. og 14. gr. Sama gildir um heilsuvernd starfsmanna, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980.

15. gr.

Öryggisnefndir skulu taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 13. og 14. gr. Nefndin skal sérstaklega taka til umfjöllunar slys, óhöpp og atvinnusjúkdómstilfelli með það fyrir augum að komast að niðurstöðu um orsakir og hindra endurtekningu.

Leggja skal fyrir öryggisnefnd til umfjöllunar áætlanir og áform um meiriháttar framkvæmdir eða aðrar þær breytingar á rekstri fyrirtækisins sem áhrif geta haft á starfsumhverfi og starfsaðstæður á vinnustað.

16. gr.

Telji starfsmaður að á vinnustað sé tiltekin slysa- eða sjúkdómshætta skal hann þegar í stað koma ábendingum þar að lútandi á framfæri við öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann og skulu þeir í sameiningu gera ráðstafandir til að bægra hættunni frá. Telji starfsmaður að viðhlítandi ráðstafanir séu ekki gerðar skal hann vísa málinu til umfjöllunar öryggisnefndar fyrirtækisins, sé hún fyrir hendi, en ella til Vinnueftirlits ríkisins.

17. gr.

Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitradra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsfólk hverfi strax frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir og/eða starfsemin verði stöðvuð.

Aðgerðir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gera þá aðila sem að ofan greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna fráharfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja eða stöðvunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram og um nauðsynlegar úrbætur sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

## V. KAFLI

### Réttindi og skyldur aðila. Greiðsla kostnaðar.

18. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti samkvæmt reglum þessum geti orðið sem best og tekur þátt í samstarfi um þessi mál. Er honum skylt, ef hann er ekki í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

Starfsmönnum er skylt að taka þátt í samstarfi samkvæmt reglum þessum.

19. gr.

Atvinnurekandi skal sjá um að þeir sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið til þess að gegna skyltum sínum. Hann skal enn fremur sjá um að þessir aðilar fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með því að sækja námskeið Vinnueftirlits ríkisins og viðurkennd námskeið annarra aðila.

Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga nr. 46/1980.

20. gr.

Öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og fulltrúum í öryggisnefnd er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir fá vegna trúnaðarstarfa sinna ef upplýsingarnar varða:

- a) persónulega hagi einstakra starfsmanna eða stjórnenda.
- b) tæknibúnað, framleiðsluhætti eða viðskiptahagsmunni.

Óheimilt er enn fremur að láta þriðja aðila í té afrit af eða upplýsingar um innihald skýrslna um vinnuslys eða atvinnusjúkdóma.

Þó er heimilt að gera frávik frá þagnarskyldu, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, með samþykki hlutaðeigandi aðila þegar slík frávik eru talin nauðsynleg til þess að vara megi starfsmenn eða stjórnendur við slysa- eða sjúkdómshættu.

21. gr.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bætum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim sem að því vinna tekjutap sem af kann að hljóta, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1980.

22. gr.

Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

## VI. KAFLI

### Lokaorð.

23. gr.

Ágreiningi sem upp kann að rísa vegna framkvæmda á reglum þessum og ekki verður jafnaður innan fyrirtækisins skal vísað til Vinnueftirlits ríkisins sem skal leita samkomulags í málinu.

Náist ekki samkomulag skal vísa málinu til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til úrskurðar. Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar er tilkynnt viðkomandi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning öryggistrúnaðarmanna og öryggisnefnda sem fram hefur farið á grundvelli laga nr. 46/1980 fyrir gildistöku reglna þessara telst lögleg þó staðið hafi verið að slíkri kosningu með öðrum hætti en frá greinir í reglum þessum, enda samræmist kosningin lögunum. Ákvæði um kjörtímabil 6. og 8. gr. reglna þessara gilda um slíka fulltrúa.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 7. og 17. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað

*Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1982.*

**F.h.r.**  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*